

Nd.

80. Nefndarálit

[64. mál]

um frv. til l. um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um nýtt gengi íslenzkrar krónu.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Með frumv. þessu staðfestir ríkisstjórnin þá fyrirætlun sína að ætla að lækka gengi íslenzkrar krónu um 24.6%, en það jafngildir hækkun á erlendum gjaldeyri um 32.6%. Slík stórkostleg breyting á verðgildi erlends gjaldeyris mun að sjálfsögðu hafa margsvísleg og mikil áhrif á þjóðarbúskap landsmanna. Verðlag á innfluttum vörum mun stórhækka og allt verðlag í landinu og þjónusta mun fylgja á eftir.

Nú hefur ríkisstjórnin tilkynnt, að hún muni á næstunni leggja til, að numin verði úr lögum ákvæðin um vísitöluuppbætur á laun í samræmi við verðlag á hverjum tíma. Afleiðingar þess hljóta því að verða mikil kjaraskerðing launafólks að óbreyttum kjarasamningum, og þá um leið mikil kjaraskerðing bænda. Telja má víst samkvæmt yfirlýsingum verkalyðssamtakanna, að þau uni ekki við þá skipan mála, að dýrtíð stóraukist án hækkunar á kaupi verkafólks. Með gengislækkun þeirri, sem ríkisstjórnin nú hefur ákveðið, og með lagasetningu um afnám vísitöluuppbótar á laun, er því augljóslega stefnt út í vinnudeildur, sem haft geta hinar alvarlegustu afleiðingar fyrir atvinnulíf landsins.

Frumv. það, sem hér liggur fyrir til afgreiðslu, fjallar ekki um nema líttinn hluta gengislækkunarmálsins. Í því er ekki að finna nein ákvæði um veigamestu þætti málsins, eins og þá sem varða þróun verðlags- og verðlagningarmála, tolltekjur ríkissjóðs, launagreiðslur sjómanna og stuðninginn við atvinnuvegina.

Ákvörðun ríkisstjórnarinnar um gengislækkun þá, sem ákveðin hefur verið, er í algerrí mótstögn við yfirlýsingar hennar, sem gefnar voru fyrir fáum vikum um nauðsynlegar aðgerðir í efnahagsmálum. Þá var því haldið fram, að gengislækkun væri hættuleg og hefði í för með sér miklu meiri ókosti en kosti. Þá var talið réttast að leggja á nýja skatta og stórhækka verð á landbúnaðarvörum til þess að létta á útgjöldum ríkissjóðs.

Nú virðist ætlunin að halda fast við nýju álögurnar og verðhækkanirnar á lífsnauðsynjum almennings, en demba síðan ofan á allt saman stórfelldri gengislækkun.

Minni hl. fjárhagsnefndar telur, að stefna ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum sé í grundvallaratriðum röng og fái ekki staðizt. Stjórnin hefur nú staðið að þremur gengislækkunum á 8 árum, og eftir einstakt góðæri í mörg ár metur hún sjálf efnahagsástandið þannig, að enn verði að grípa til lífskjaraskerðingar með stórhækkandi verðlagi á öllum vörum í landinu. Minni hl. getur því ekki mælt með samþykkt frumv., en leggur til, að það verði fellt.

Alþingi, 24. nóv. 1967.

Vilhjálmur Hjálmarsson,
frsm.

Lúðvík Jósefsson.

Jón Kjartansson.